

Efni: Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks um tillögu fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um jafnara aðgengi að endurvinnslu

Þann 2. nóvember 2020 fékk aðgengis- og samráðsnefnd Reykjavíkurborgar í málefnum fatlaðs fólks eftirfarandi tillögu fulltrúa Sósíalistasflokks Íslands til umsagnar:

Fulltrúi Sósíalista í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði leggur til að á að minnsta kosti einni móttökustöð Sorpu geti einstaklingar fengið aðstoð við að setja endurvinnanlegan úrgang í viðeigandi gáma. Í dag er staðan sú að ekki allir sitja við sama borð þegar kemur að því að skila flokkuðum úrgangi á viðeigandi staði. Ekki allir eru færir að nýta sér grenndargáma og erfitt getur verið að fá aðstoð á móttökustöðvum Sorpu. Í ljósi þess er lagt til að á að minnsta kosti einni stöð verði hægt að fá aðstoð með að tæma bílinn.

Umsögn aðgengis- og samráðsnefndar:

Aðgengis- og samráðsnefnd tekur undir það að mikilvægt sé að tryggja aðgengi allra að endurvinnslu. Nefndinni er þó ekki kunnugt um hvort starfsfólki Sorpu sé nú þegar gert að aðstoða fólk sem þess óskar vanti fólki aðstoð við að tæma bíl sinn t.d. vegna hreyfihömlunar. Sé það ekki viðtekið verklag nú þegar á endurvinnslustöðvum Sorpu, vill aðgengis- og samráðsnefnd hvetja til þess að slík aðstoð sé ávallt í boði á opnunartíma endurvinnslustöðva Sorpu fyrir þau sem þurfa á slíkri aðstoð að halda.

Sé eitthvað því til fyrirstöðu að tryggja fólki sem á þarf að halda aðstoð við flokkun á öllum endurvinnslustöðvum Sorpu, leggur aðgengis- og samráðsnefnd til að það sé að öðrum kosti auglýst vel á síðu Sorpu hvar slík aðstoð sé í boði og á hvaða tíma dagsins.